


Akraneskaupstaður
b.t. bæjarráð
Stillholt 16-18
300 Akranes

Akraneskaupstaður 		
Skjal nr.	Mótt af.	Mótt dags.
14.20.11	Gjó	- 5. DEZ. 2017
Abm.	Urv. aðili	Málsnr. One
VJ	VJ	1712.032

Akranesi, 1. desember 2017

Efni: Framkvæmdastyrkur vegna skotæfingasvæðis Skotfélags Akraness

Skotfélag Akraness er ört stækkandi íþróttafélag undir merkjum Íþróttabandalags Akraness og ÍSÍ. Virkir félagsmenn eru nú orðnir rúmlega hundrað talsins, bæði konur og karlar. Starfsemi félagsins hefur dafnað vel s.l. fimm ár eða síðan skotfélagið hlaut framkvæmdastyrk Akraneskaupstaðar upp á milljón krónur á ári í 3 ár. Fyrir þessa fjármuni hefur félagið komið upp klúbbhúsi, endurnýjað vélbúnað, útvíkkað starfsemina á svæðinu og gert umhverfið snyrtilegra. Skotfélagið hefur á undanförunum árum haldið nokkur landsmót og íslandsmeistaramót í haglabyssuskotfimi. Einnig skotvopnanámskeið ásamt því að sjá um hæfnispróf fyrir hreindýraveiðimenn á vegum Umhverfisstofnunar sem og móttöku ýmissa hópa. Skotfélagið á í dag félagsmann sem er bikarmeistari og landsliðsmaður í haglabyssuskotfimi. Landsliðsæfingar karla og kvenna hafa m.a. verið haldnar á svæðinu nú í vetur, þar sem bestu skotmenn landsins koma saman.

Nú er svo komið að starfsemin er á þeim stað að ekki er boðlegt að þar sé engin hreinlætisaðstaða með rennandi vatni á staðnum. Einnig er mjög mikilvægt fyrir félagið að rafmagn verði lagt á svæðið þar sem í dag er notast við ljósavél, sem gengur fyrir dísilolíu. Ljósavélin er mjög hávær og þarfnast stöðugs viðhalds. Girða þarf hluta af svæðinu upp á nýtt þar sem hluti girðingar sem nú er fyrir er ekki fjárheld. Erfitt hefur því verið að rækta upp tré, vegna ágangs búfjár.


Við óskum eftir fyrir hönd félagsins að gerður verði framkvæmdasamningur við félagið til næstu þriggja ára. Þar með gæti félagið bætt úr þessum bráða vanda fyrir næstkomandi vor. Þess ber að geta að félagið hefur nú þegar komið fyrir rotþró á svæðinu sem og klósettaðstöðu í sér rými við hlið klúbbhússins, sem er án vatns. Stjórnarmenn hafa kynnt málið fyrir Veitum og forsvarsmenn þar á bæ tóku ekki illa í fyrirspurnir okkar.

Okkar sýn á forgangsröðun verkefna:

- 2018 – Lagning vatns á svæðið – Áætlaður kostnaður 1,3mkr
- 2019 – Lagning rafstrengs á svæðið – Áætlaður kostnaður 2,7mkr
- 2020 – Girðingar, manir og ofaníburður í bílastæðið – Áætlaður kostnaður 1mkr

Ef frekari upplýsinga er óskað, er hægt að hafa samband við undirritaða eða á skotakranes@gmail.com

Með fyrirfram þökk,



Guðrún Hjaltalín Guðjónsdóttir
Formaður Skotfélags Akraness

S. 696-9510



Elías M. Kristjánsson
Stjórnarmaður í Skotfélagi Akraness

S.892-0032